

## GJALDSKRÁ

**fyrir sorphirðu í Húnaþingi vestra.**

1. gr.

Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Húnaþingi vestra er samþykkt af sveitarstjórn Húnaþings vestra með vísan til samþykktar nr. 159/2000 um söfnun og förgun úrgangsefna í Húnaþingi vestra.

2. gr.

Sorphirðugjald fyrir árið 2011 er sem hér segir:

|  |            |
|--|------------|
| Sorpgjald á íbúðarhúsnæði, sorphirða á 14 daga fresti                            | kr. 27.000 |
| Sorpeyðingargjald, sumarbústaðir og íbúðir í dreifbýli þar sem ekki er hirt sorp | kr. 13.000 |

3. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt af sveitarstjórn Húnaþings vestra þann 2. desember 2010, samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, ásamt síðari breytingum.

4. gr.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrá sama efnis nr. 176/2010.

*Hvammstanga, 18. janúar 2011.*

**Skúli Þórðarson** sveitarstjóri.